

L Ö G**um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel-
og veitingaskóla Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.**2. gr. laganna orðist svo:**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sex manna skólanefnd. Skulu fimm nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka:

Einn eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda.

Einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna.

Einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna.

Einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands,

og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn.

Einn skal skipaður til eins árs í senn, eftir tilnefningu Félags matreiðslu- og framreiðslunema í Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Hinn sjötta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnar-
fjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað
að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.**1. gr. 2. mgr. A. 1. liður laga nr. 46 16. apríl 1971 orðist svo:**

Bein lína úr „Balaklökk“ við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit x 24.254.20, y 10.526.96, þaðan í punkt x 24.254.20, y 10.602.04, í punkt x 24.343.90,

y 10.602.04, í punkt x 24.243.90, y 10.660.00, í punkt x 24.206.30, y 10.660.00, í punkt x 24.206.30, y 10.650.00, í punkt x 24.175.77, y 10.586.50 og í punkt x 24.055.00, y 10.625.00, öll hnit í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar fyrir hönd bæjarsjóðs skal heimilt að taka eignarnámi fyrir fyrirhugaðar byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna erfðafestuland undir fiskverkunarreit, er liggur norðan Garðavegar meðfram takmörkum Hafnarfjarðar og Garðahrepps samkv. lóðarleigusamningi, útg. 12. maí 1927, upphaflega útgefnum til Hellyer Bros Ltd.

Um framkvæmd eignarnámsins fer samkv. lögum nr. 11 6. apríl 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.